

Skipulagsstofnun
Þóroddur F. Þóroddsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



.....
F I S K I S T O F A

Dalshrauni 1 220 Hafnarfjörði
S: 569 7900 F: 569 7990
fiskistofa@fiskistofa.is
www.fiskistofa.is

Hafnarfjörður, 19.12.2014
Tilv. 0262/2013 - 3.9.0

Efni: Varðar frummatsskýrslu fyrir 6.800 tonna framleiðslu á regnbogasilungi og 200 tonna framleiðslu á þorski í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi á vegum Hraðfristihússins - Gunnavarar h.f.

Til umfjöllunar er frummatsskýrsla vegna 6800 tonna framleiðslu á regnbogasilungi og 200 tonna framleiðslu á þorski í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi á vegum Hraðfristihússins - Gunnavarar h.f. (HG) Fram kemur í skýrslunni að ætlunin sé að sækja um leyfi fyrir sjókvíaeldi á laxi síðar (bls. 10), en óljóst ef hvort stefnt sé að því að fá leyfi fyrir regnbogasilungseldi breytt eða hvort sótt verði um nýtt leyfi. Ástæða sú sem nefnd er fyrir þessari ráðstöfun er sú að erfiðlega hafi gengið að fá heimild til laxeldis á svæðinu. Sjókvíaleldi á laxi er í eðli sínu afar frábrugðið því að ala regnbogasilung í sjókvíum. Munurinn er einkum fölginn í því að minni hætta stafar af regnbogasilungi sem sleppur úr eldinu, en hætta á erfðablöndun við villta stofna er ekki áhyggjuefn, þar sem ekki eru villtir stofnar regnbogasilungs á Íslandi. Eins og bent er á í skýrslunni gera eiginleikar í líffræði regnbogasilungs það ólíklegt er að hann muni ná fótfestu í íslenskri náttúru. Í frummatsskýrslunni kemur fram að eldi regnbogasilungs í sjókvíum á svæðinu sé ekki líkt til að hafa mikil áhrif á afkomu villtra laxa-, bleikju- og urriðastofna. Fiskistofa getur fallist á þau rök sem lögð eru því til grundvallar, þ.e. lítið um laxalús og ólíklegt að slysasleppingar hefði mikil áhrif á náttúrulega stofna. Áhættan væri mun meiri ef alinn væri lax af norskum uppruna. Eldi á regnbogasilungi er þó ekki haettulaust og getur haft áhrif á villta stofna, t.d. ef breyting verður á viðgangi laxalúsar á svæðinu.

Þó svo að villtum stofnum stafi lítil hætta af eldi regnbogasilungs í sjókvíum þá myndi veiði á eldissilungi í laxveiðiám á svæðinu hafa slæm áhrif á orðspor og verðmæti veiðihunninda þar. Það er nefnt í töflu 5.1.3 og kafla 5.8, en mætti hugsanlega einnig nefna í töflu 5.1.4 fyrir útvist og tómstundir. Því bendir Fiskistofa á að vegna eldissins væri rétt að fyrirtækið hefði gott samráð við veiðifélög á svæðinu og hefði aðgerðaráætlun um það hvernig brugðist verði við ef vart verður við eldisfisk í ám. Vissulega er rétt að stjórnvöld myndu grípa inní.

Í kafla 5.7.4.1. er fjallað um vöktun á laxalús á villtum fiskum. Þar kemur fram að HG hyggist vakta þéttleika með talning á laxalúsum í eldisfiski en einnig verði tíðni laxalúsa metin fyrir villtan fisk. Fiskistofa vekur athygli á því að fara þarf varlega í reglubundnar veiðar úr blönduðum stofnum í sjó og að heimildar vegna slíkra veiða verði aflað áður en þær fari fram, líkt og gert var s.l. sumar og nefnt í frummatsskýrslunni (kafli 5.7.4.1).

Virðingarfyllst,
Fiskistofa


Guðný Magnús Eiríksson
Sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs